

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 72/2003**

**frá 20. júní 2003**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 42/2003 frá 16. maí 2003 <sup>(1)</sup>.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 645/2000 frá 28. mars 2000 þar sem mælt er fyrir um ítarlegar reglur sem eru nauðsynlegar fyrir rétta framkvæmd tiltekinna ákvæða í 7. gr. tilskipunar ráðsins 86/362/EBE og 4. gr. tilskipunar ráðsins 90/642/EBE um fyrirkomulag við vöktun á leyfilegu hámarksmagni leifa í og á kornvörum og tilteknum vörum úr jurtaríkinu, m. a. aldinum og grænmeti <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 54zcc (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/69/EB) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

„54zcd. **32000 R 0645**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 645/2000 frá 28. mars 2000 þar sem mælt er fyrir um ítarlegar reglur sem eru nauðsynlegar fyrir rétta framkvæmd tiltekinna ákvæða í 7. gr. tilskipunar ráðsins 86/362/EBE og 4. gr. tilskipunar ráðsins 90/642/EBE um fyrirkomulag við vöktun á leyfilegu hámarksmagni leifa í og á kornvörum og tilteknum vörum úr jurtaríkinu, m. a. aldinum og grænmeti (Stjtið. EB L 78, 29.3.2000, bls. 7).“

*2. gr.*

Texti reglugerðar (EB) nr. 645/2000 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 193, 31.7.2003, bls. 8 og EES-viðbæti við Stjtið. ESB nr. 39, 31.7.2003, bls. 5.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 78, 29.3.2000, bls. 7.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 21. júní 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 20. júní 2003.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*  
*P. Westerlund*  
*formaður*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.